

97. fundur stjórnar FnS haldinn í Iðu, Selfossi, 23. febrúar 2012 kl. 16.30

Mætt: Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir og Gunnar Bragi Þorsteinsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla 2011

Stjórn samþykkir skýrsluna eins og hún liggur fyrir. Skýrslan er yfirgripsmikil og lýsandi fyrir starfseminu. Hún ber gott vitni því fjölbreytta og metnaðarfulla starfi sem fer fram á vegum stofnunarinnar.

2. Ársreikningur 2011

Framkvæmdastjóri dreifði ársreikningi og fór yfir hann lið fyrir lið. Tekjur hafa aldrei verið hærrí, tæpar 83 milljónir, og hækka um tæpar 10 milljónir frá fyrra ári, sem einnig hafði verið tekjuhæsta árið fram að því. Rekstrarkostnaður vex að sama skapi, en rekstrarhagnaður ársins er rúmar 6,2 milljónir að viðbættum fjármagnstekjum. Ársreikningurinn er glæsilegur og stjórn samþykkir hann með undirritun.

3. Starfsáætlun 2012

Framkv.stj. kynnti starfsáætlun ársins 2012. Þar kennir margra grasa og útlit er fyrir spennandi og skemmtilega tíma. Stjórn samþykkir áætlunina eins og hún liggur fyrir.

4. Rekstraráætlun 2012

Fr.kv.stj. fór yfir rekstraráætlunina. Margir óvissuþættir einkenna rekstrarárið, m.a. vegna flutninga Fræðslunetsins. Gert er ráð fyrir svipaðri tekjuaukningu vegna námskeiða á árinu eins og varð á síðasta ári og að tekjur fari yfir 100 milljónir árið 2012. Gert er ráð fyrir tveggja milljóna króna rekstrarafgangi. Stjórn samþykkir þá rekstraráætlun sem lögð er fram.

5. Starfsmannamál

Fr.kv.stj. og formaður lögðu fram tillögu að launasetningu starfsmanna og starfshlutfalli, í samræmi við samþykktir síðasta fundar. Stjórn samþykkir tillögurnar.

6. Fundur um starfsmenntun

Fr.kv.stj. kynnti fund sem menntamálaráðuneytið boðaði til um starfsmenntun á Hótel Rangá fyrir skemmstu. Meðal annars flutti nemandi Fræðslunetsins erindi á fundinum, sem vakti mikla athygli.

7. Viðræður við Fjölmennt

Endurskoðun samnings við Fjölmennt stendur yfir. Viðræðum verður haldið áfram og stefnt er að því að ljúka samningagerð sem allra fyrst.

8. Önnur mál

- a) Fr.kv.stj. tilkynnti að kennslufrí yrði næstkomandi þriðjudag í Fræðslunetinu vegna leyfa í grunnskólum. Fræðslunetið mun skipuleggja starfsþróunardag innanhúss þennan dag.
- b) Fr.kv.stj. ræddi almennt um starfsemina og vinnuálag hjá Fræðslunetinu.
- c) Þór spurði um stöðu mála varðandi flutningana. Fr.kv.stj. fór yfir málið. Hreyfing er á málinu.

Fundið slitið kl. 19.15